

Lög

Nr. 43

28. nóv.

um

ákvörðun verslunarlóðarinnar í Hafnarfjarðarkaupstað.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Í Hafnarfjarðarkaupstað skal svæði það, sem reisa má verslunarhús á, vera ákveðin með þessum takmörkum:

Bein lína frá takmörkum Svendborgarlóðar við Krosseyrarmalir á Reykjavíkurvegin, 100 metra frá mótum hans og Vesturbrúar; þaðan beina línu í Rafhlósastöð; þaðan beina línu í túngarð Jófríðarstaða að norðaustan; þá meðfram túngarðinum og úr honum að vestan beina línu að norðvesturhorni Brandsbæjar-túngarðs og þaðan beina línu í Skipphól.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 28. nóvember 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson.